



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

2. tbl. 2007, - 17. árg.
Febrúar 2007

Gísli Súrsson leiksýning í Luxembourg

Við þekkjum hann svo vel, - eða hvað?

Einleikur um þessa fornu hetju vora, sem sýnir nokkuð nýja fleti á sögunni. Leikið af Elfari Loga Hannessyni.

Sýningar á Check Inn, 7 rue de Trèves, Findel. Inngangseyrir 18€

Föstudaginn 16. mars kl. 20.00

Á ENSKU

Laugardaginn 17. mars kl. 20.00
á íslensku

Sunnudaginn 18. mars kl. 20.00
á íslensku



Meira um leiksýninguna á blaðsíðu þrjú. Vinsamlegast pantið miða tímanlega.

Bryndís s. 341 882 621 266 795
Íris s. 780 510 691 780 510
Stella s. 357 064 691 402 841

Stjórn Spuna

Dimmalimm barnaleiksýning í Luxembourg



Ævintýraleikur fyrir börn.

Þessi hugljúfa saga er hér í nýstárlegri, öllu ærslafyllri útgáfu, útfærð af leikstjóra sýningarinnar, Sigurbóri A. Heimissyni og Elfari Loga Hannessyni, leikara.

Sýningin er Á Check Inn, 7 rue de Trèves, Findel, sunnudaginn 18. mars kl. 15.00. Inngangseyrir 12€

Meira um leiksýninguna á blaðsíðu þrjú. Vinsamlegast pantið miða tímanlega.

Bryndís s. 341 882 621 266 795
Íris s. 780 510 691 780 510
Stella s. 357 064 691 402 841

Grænn Kostur Sólveig Eiríks. Námskeið

“Solla Græna” snýr aftur!

Sólveig Eiríksdóttir ætlar að vera með matreiðslunámskeið í himneskri-grænni-höllustu í Luxembourg dagana 23. - 24. mars næstkomandi.

Í boði verða byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Stefnt er að því að halda byrjendanámskeiðið föstudaginn 23. mars kl. 17:00 - 20:00 og framhaldsnámskeiðið laugardaginn 24. mars kl. 10:00 - 13:00 (athugið að tímasetning gæti breyst).

Hvert námskeið verður þrjár klukkustundir og kostar 50€. Kennslan fer fram í matsal Kauppings á 35a avenue J.F. Kennedy í Luxembourg.

Áhugasamir skrái sig hjá Elísabetu Önnu Finnbogadóttur á netfangið elisabet@pt.lu eða í síma 621 266 578 og 26 747 440.

Elísabet Anna Finnbogadóttir

Þorablótið 2007

Þorablót Íslendingafélagsins í Luxembourg var haldið þann 10. febrúar síðastliðinn á Alvisse Parc Hotel í Dommeldange. Þótti skemmtunin í heild takast frábærlega vel.

Frekari umfjöllun um þorablótið verður í næsta tölublaði.

Guðspjónusta

Séra Sigurður Arnarson kemur frá London og heldur guðspjónustu í Mótmælendakirkjunni á 5 rue de la Congrégation í Luxembourg, sunnudaginn 25. mars næstkomandi klukkan 14:00.

Athugið að næsta messa þar á eftir verður 20. maí.

Kirkjunefndin

Myndlist Rúnu

Myndlistarkonan Rúna sýnir á Park Hotel Beaux Arts í Luxembourg 29. mars næstkomandi. Nánar auglýst síðar.



Arizona Lounge verður með páskahlaðborð 23. mars næstkomandi.

Verð fullorðnir 39€
Börn (12 ára og yngri) 17€

Vinsamlegast pantið borð í síma 26 701 490 eða 621 192 422
Nánar auglýst á www.islandus.net

Í þessu blaði:

<i>Gísli Súrsson, leiksýning</i>	1
<i>Dimmalimm, barnaleiksýn.</i>	1
<i>Grænn Kostur - Námskeið</i>	1
<i>Guðspjónusta</i>	1
<i>Arizona Lounge Páskar</i>	1
<i>Myndlist Rúnu</i>	1
<i>Þorablót FÍL</i>	1
<i>Stuðningsaðilar</i>	2
<i>Íslenskur fiskur og kjöt</i>	2
<i>New World Theater</i>	2
<i>Íslenskuskólinn</i>	2
<i>Ráðagóðahornið</i>	3
<i>Leiksýningar, framhald</i>	3
<i>Litlu dálkarnir</i>	4



Á döfnni:

- Íslenskuskólinn hefst 6. og 7. mars
- Leiksýningar Gísli Súrsson 16., 17. og 18. mars
- Leiksýning Dimmalimm 18. mars
- Páskahlaðborð 23. mars
- Grænn kostur 23. og 24. mars
- Guðspjónusta 25. mars
- Fiskbillinn í Lux. 24. mars
- Myndlist Rúnu 29. mars
- New World Theater 24. til 28. apríl

**Íslenskuskólinn hefst 6. mars 2007 í Godbrange og í
Internationalskólanum 7. mars 2007, sjá nánar á bls. 2**



Félag Íslendinga í Luxembourg þakkar kærlega fyrir stuðninginn



Nicole COLAMARIA Personal Fitness & Trainer Tel.: (0033) 06 79 68 13 88

The Committee of the Icelandic Association in Luxembourg would like to thank for your generous support

Fjöldi fólks ber að þakka kærlega fyrir aðstoð og undirbúning þorablótsins. Nánari umfjöllun og myndir (innsendar myndir velkomnar á bruin@islandus.net eða gst@gmx.co.uk) af þorablótinu munu líklegast koma í næsta tölublaði.

Íslenskur fiskur og kjöt

Páskasalan er hafin hjá Icekost. Íslenskur fiskur og fjallalambið góða. Sendið pantanir sem fyrst og tryggð að ykkar pöntun komist með, þar sem takmarkað rými er í bílnum.

Í Luxembourg verður bíllinn á eftirfarandi stöðum:

Junglinster Centre Polyvalent, laugardaginn 24. mars 2007, klukkan 11:00 til 12:00.
Findel flugvöllur, langtímabilastæði E (við hringtorgið), laugardaginn 24. mars 2007, klukkan 13:00 til 13:30.

Sendið inn pantanir á eftirfarandi:

Sími: + 49 4298 466 826
GSM: + 49 178 9055 862
GSM Lux: +352 621 590 329
E-mail: icekost@t-online.de

Verðlisti Icekost

Ýsa	2,5kgx13.00€	32.50€
Rækja	2,5kgx14.00€	35.00€
Steinbítur	2,5kgx13.00€	32.50€
Ufsi	5,0kgx 6.50€	32,50€
Léttsalt. Þorskur	2,5kgx13.00€	32.50€
Lambalæri	1.0kgx16.00€	16.00€
Lambahryggur	1.0kgx20.00€	20.00€

Icekost

New World Theater

New World Theater Club
will present
STEEL MAGNOLIAS
by Robert Harling
24 - 28 April at 8 pm
and saturday 28 April at 2 pm
at the Theatre National du Luxembourg

Íslenskuskóli á Netinu

Frá íslenskuskólanum á netinu:

Námskeið á næstunni

Undanfarnar vikur hefur verið unnið að skipulagi skólustarfsins í Íslenskuskólanum á þessari önn. Opnað hefur verið fyrir skráningar á fyrstu námskeiðin á önninni. Eftirfarandi námskeið eru komin á dagskrá:

- Íslenska, málið mitt (7-12 ára)
- Lestur, leikir og skemmtun (6-10 ára)
- Mörgæsaklúbburinn

Námskeiðin standa öll yfir í fimm vikur og munu hefjast í annarri vikunni í mars. Námskeiðagjald er eins og áður 8.000 ISK, en athygli er vakin á að veittur er veglegur systkinaafsláttur og nemendur sem hafa komið á námskeið í skólanum áður fá 2.000 kr. afslátt af námskeiðsgjaldinu.

Foreldrar geta skráð börn sín á námskeið á vefnum, eða með því að senda tölvupóst til islenkuskolinn@islenkuskolinn.

Íslenskuskólinn

Íslenskuskólinn hefst aftur þann 6. mars í Godbrange og 7. mars í Internationalskólanum.

Kennt verður eftirfarandi daga:

Godbrange á þriðjudögum kl. 13:30 - 15:30

6. mars 2007
13. mars 2007
20. mars 2007
27. mars 2007

kennarar :

Heiða Ingimundardóttir, sími 691 757 767

E-mail hei5@hi.is

Elsa D. Kjartansdóttir, sími 621 572 779

E-mail elsakja@simnet.is

Internationalskólinn á miðvikudögum:

Yngri hópur kl. 14:30 - 15:30 og eldri hópur kl. 15:30 - 16:30, kennt er í stofu 008.

Kennari: Dagný Broddadóttir, sími 621 541 292

Netfang: dagny@vma.is

7. mars 2007
14. mars 2007
21. mars 2007
28. mars 2007

Kennslan er veitt börnum félagsmanna þeim að kostnaðarlausu.

Stjórn FÍL



Ráðagóðahornið

Þurr skóaburður

Skóaburður sem er orðinn þurr má mýkja með nokkrum dropum af terpentínu. Hellið nokkrum dropum í dósina, setjið lok á hana og geymið í ca. sólarhring áður en nota á áburðinn.

Kalkrendur

Kalkrendur á glösum og könnum má reyna að má burt með því að nudda þær með blöndu af ediki og salti, síðan þvo úr heitu sápuvatni.

Stálhnífapör

Ef stálhnífapör hafa fengið ljóta bletti má reyna að láta þau liggja í ediksvatni yfir nótt.

Sítrónur og appelsínur

Ef þessir ávextir eru lagðir í bleyti í volgt vatn góða stund áður en safinn er pressaður úr þeim, næst næstum helmingi meira af safi.

Karöflur

Oft er erfitt að þurrka flöskur og karöflur að innan. Vefjið saman stykki af eldhúspappír og stingið honum niður í karöfluna. Pappírinn

sýgur í sig rakann og botninn verður þurr og finn.

Straujárnin

Botninn á straujárninu vill oft fá brúna leiðinlega húð. Setjið tvær teskeiðar af salti á dagblaðappír og núið straujárnnið með því. Þá hverfur venjulega þessi leiðinlegi brúni litur.

Fiskur

Fiskurinn dettur ekki svo létt í sundur þegar verið er að steikja hann ef dálítið af sítrónusafa eða salti er bætt út í feitina sem steikt er úr.

DIMMALIMM OG GÍSLI SÚRSSON

Prinsessan Dimmalimm og útlaginn Gísli Súrsson eiga bara eitt sameiginlegt, leikarann Elfar Loga Hannesson.

Kómédiuleikhúsið á Ísafirði var stofnað árið 1997 af Elfari Loga og Róberti Snorrasyni og síðan 2001 hefur það einbeitt sér að einleikjum. Hafa þegar verið færð á fjálar sex verk. Leikirnir tveir, Dimmalimm og Gísli Súrsson, sem nú verða sýndir í Lúxemborg, eru sem sé afurð Kómédiuleikhússins. Kómédiuleikhúsið stendur einnig fyrir leiklistarhátíðinni ACT ALONE, sem helguð er einleikjum og hefur verið haldin undanfarin þrjú sumur á Ísafirði. Þetta er alþjóðleg hátíð sem hefur hrifið til sín listamenn frá Bandaríkjunum, Danmörku og Króatíu. Þeim sem vilja vita meira er bent á www.komedia.is og www.actalone.net

GÍSLI SÚRSSON

Höfundar: Elfar Logi Hannesson og Jón Stefán Kristjánsson.

Leikstjórn: Jón Stefán Kristjánsson.

Leikari: Elfar Logi Hannesson.

Leikmynd: Jón Stefán Kristjánsson.

Leikmunir: Marsibil G. Kristjánsdóttir.

Búningar: Alda Sigurðardóttir.

Smíðir: Friðrik Stefánsson og Páll Gunnar Loftsson.

Leikurinn hefur verið sýndur yfir 110 sinnum.

Gísli Súrsson byggir á einni af þekktustu Íslendingasögnum. Leikurinn segir af örlögum Gísla og fjölskyldu hans sem taka land í Haukadal í Dýrafirði. Gengur þeim allt í haginn í fyrstu og verða brátt hinir mestu höfðingjar. En skjótt skipast veður í lofti og brátt er farið að fella mann og annan.

Brot úr umsögn Hrundar Ólafsdóttur, Morgunblaðið.

“Það var athyglisvert hvað heimur sögunnar varð lifandi og stór með hjálp hinnar haganlegu leikmyndar og afbragðsvel unninna leikmuna. Híbýli, húsdýr og margbreytilegt landslag bar fyrir ímyndaðar sjónir og frægi einhamarinn þar sem Gísli lét lífið varð einkar voldugur. Allt var þetta gert að mestu með nokkrum hlutum úr tré. Til þess að hjálpa áhorfendum að átta sig á þeim aragrúa af persónum sem skipta máli í

sögunni var leitað í smíðju brúðuleikhússins og notaðar figúrir sem voru skornar í tré og málaðar með mismunandi litum fjölskyldna og hópa.

Hér verður líka að minnast á hina úthugsuðu en einföldu aðferð til þess að tákna árin sjö sem völvan spáði að Gísli ætti eftir samkvæmt draumi hans um langeldana. Það var makalaust að nokkrar litlar ljósaperur á fjöl gætu valdið svo spennuþrungnu andrúmslofti sem raun bar vitni.

Auk nákvæmrar vinnu með leikmynd og leikmuni fólst galdur sýningarinnar ekki síst í textanum sjálfum, sem Jón Stefán leikstjóri og Elfar Logi leikari unnu saman með spunavinnu. Ótalin er aðferðin við að gera fornt málið skiljanlegt nútímafólki en það var öborgarlega fyndið hvernig enskuskotið unglíngamál nútímans varð hin eðlilega og skiljanlega „þýðing“ völvunar og fleiri þegar beðið var um íslensku í stað hins fagra forn máls sem þó vissulega fékk að njóta sín. Með þessum fyndnu áreksstrum tungumálsins komst vel til skila ein af mörgum ástæðum Kómédiuleikhúss Elfars Loga fyrir því að flytja nútímafólki hinn forna menningararf. Hitann og þungann af sýningunni bar auðvitað leikarinn sjálfur. Elfar Logi lék í rauninni allar persónurnar sem voru hver með sínu sniði og með sína rödd og málsnið. Hann vatt sér lipurlega milli persóna og atburða auk þess að segja söguna á víxl úr nútíma og fornun tíma.”

Einleikurinn um Gísla Súrsson hlaut sérstök verðlaun fyrir besta handrit á leiklistarhátíðinni Integra í Hannover, haustið 2006 og Elfari Loga hefur nú verið boðið á einleikjahátíð í Albaníu í maí næstkomandi.

DIMMALIMM

Höfundar: Elfar Logi Hannesson, Sigurbór A. Heimisson.

Leikstjórn: Sigurbór A. Heimisson.

Leikari: Elfar Logi Hannesson.

Leikmynd: Kristján Gunnarsson, Marsibil G. Kristjánsdóttir, Sigurbór A. Heimisson.

Búningar: Alda V. Sigurðardóttir.

Brúður: Alda V. Sigurðardóttir, Marsibil G. Kristjánsdóttir.

Sýningartími: 40 mínútur.

Aldurshópur: 2 ára og eldri.

Leikurinn er byggður á samnefndu ævintýri eftir Mugg og hefur notið gífurlegra vinsælda allt frá því ævintýrið kom fyrst út á bók árið 1942. Ævintýrið fjallar um prins sem verður fyrir því óláni að verða breytt í svan af norinni Bauju. Þegar Dimmalimm prinsessa kemur til sögunnar tekur sagan á sig ævintýrlegar myndir enda getur allt gerst í ævintýrunum. Hér er á ferðinni leiksýning fyrir börn á öllum aldri. Þegar hafa verið haldnar yfir 60 sýningar.

Brot úr umsögn Eiríks Arnar Norðdahl, BB.

“Leikgerð Dimmalimmar er vel unnin þó hún sé á köflum dálítið kaotísk, sem er án nokkurs vafa börnunum sem sýningin er miðuð að til fjarskalegrar kátínu.

Einleikjaformið er, eins og gefur að skilja, Elfari Loga sífellt tamara og hann veldur því af sí meiri bravúr. Í Dimmalimm er hvort tveggja nokkuð um ærslaleik og hægara drama, sorgleg og falleg sagan er brotin upp með ólátum tröllkonunnar Bauju sem reynir að bæta fyrir þann óleik að hafa breytt Péttri í svan.

Leikritið er miðað að leikskólabörnum og yngri bekkjum grunnskóla sem maður getur vel ímyndað sér að verði bæði frávitna af hlátri yfir fyndnustu atriðunum og fjarska miður sín þegar voðinn dynur á. Dimmalimm fúnkerar líkt og önnur vel heppnuð barnaskemmtun fyrst og síðast á góðri, einfaldri sögu og karaktersjarmar sögupersónanna. Í uppsetningu þessa leikrits spila ekki sísta rullu þeir búningar og dúkkur sem Elfar Logi gæðir lífi, einu hugvitsamlega fram settar í Dimmalimm ekki síður en í Gísla Súrssyni og útfærslur allar til fyrirmyndar.

Ærslaleikur Elfars Loga er sjálfsgagt það sem á eftir að heilla börnin mest, en þá hefur einnig verið hugsað fyrir því að strá nokkrum fullorðinsbröndurum í handritið svo að foreldrar þurfa ekki að kvíða því að þeim muni leiðast á sýningunni – sem þeim ætti reyndar ekki að gera hvort eð er, því enda þótt sagan sé barnasaga þá grunar mig húnar sé fólk almennt það hjartfólgin að því þyki vænt um hvert tækifæri sem gefst til þess að rifja hana upp.

Í heildina er einleikurinn Dimmalimm fallegur og ekki síst einlægur.”

Stjórn Spuna og ýmsar heimildir



Félag Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Haerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2006-2007

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771,	621 142 060	fil@islandus.net
Ingvi K. Guttormsson, ritari	350 206,	621 295 185	ikg@pt.lu
Ólafur Ólafsson, gjaldkeri	26 665 326,	621 365 895	island@pt.lu
Birna Björnsdóttir, meðstjórnandi	358 823,	621 375 875	birnabs@pt.lu
Guðbjörg Steinarrsd., meðstjórnandi,	365 163,	691 637 888	gst@gmx.co.uk
Óskar Bragi Sigþórsson, varamaður,	2694 5006,	691 348 737	oskars@islandus.net

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elsa Dórothea Kjartansdóttir	621 572 779	elsakja@simnet.is
Heiða Ingimundardóttir	691 757 767	hei5@hi.is
Dagný Broddadóttir	621 541 292	dagny@vma.is

Stjórn Kirkjunefndar 2006-2007

Eyjólfur Hauksson	formaður,	768 545
María Huesmann		358 556
Sólveig Stefánsdóttir		789 341
Agnar Sigurvinsson		435 183
Sigurður Kristinsson		787 710

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir	formaður,	341 882	spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir	ritari,	357 064	stella26@pt.lu
Íris Þorkeldsdóttir	gjaldkeri,	780 510	iristhorkels@yahoo.co.uk

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Til sölu

Íslenskur fiskur oog kjöt

Hægt er að panta á netfanginu
icekost@t-online.de eða í síma
+49 178 9055 862.

Pels

Flottur minkapels til sölu, áður
auglýstur í janúar Brú. Upplýsingar
eru veittar í síma 455 721.

Geisladiskur Þórunnar Egils

Þórunn Egils gefur Íslendingum gott
verð á nýja geisladisknum "The
Moment In Between."
Upplýsingar í síma 691 637 888.

Geisladiskur frá Kalla

Kalli sem var með tónleika á
kvinnakvöldinu 2004 hefur gefið út
geisladiskinn "While the city
sleeps."
Til sölu hjá Þóru í síma 621 501
117.

Símaskrá

Nýjir meðlimir

Aurélien Bihr
Carolina Pagli
12 rue de Bragance
L-1255 LUXEMBOURG
Sími 661 699 679
E-mail tamaqa@yahoo.co.nz

Halldór Jónsson
Anna Dóra Helgadóttir
3 rue de la Vallée
L-8046 STRASSEN
Sími 26 311 125
Gsm H 621 497 984
Gsm A 621 714 833
E-mail halldor@landsbanki.lu
E-mail anna_h_@hotmail.com

Helgi Hólmur Ófeigsson
Hulda Guðný Finnbogadóttir
21 rue des Lilas
L-8035 STRASSEN
Sími 26 119 506
Gsm HH 621 260 841
Gsm HG 621 304 420
E-mail helgi.holmar.ofeigsson@glitnir.lu
E-mail hgf@simnet.is

Kjartan Guðmundsson
Emilía Gunnarsdóttir
48 am Bongert

L-1270 MERL

Sími 26 458 561
Gsm K 621 497 986
Gsm A 621 506 968
E-mail kjartang@landsbanki.lu
E-mail emiliagu@hotmail.com

Kristjón Grétarsson
Nína Thórarinsdóttir
Marta Karen Kristjónsdóttir
31 rue de Jean Gaspard de Cicignon
L-1335 LUXEMBOURG
Sími 26 483 406
Gsm K 621 148 504
Gsm N 621 261 146
Gsm M 621 148 503
E-mail kristjong@hotmail.com
E-mail nina.thorens@hotmail.com
E-mail mkk@hotmail.com

Breytingar

Elsa Dórothea Kjartansdóttir
Gsm 621 572 779
E-mail elsakja@simnet.is

Fæðingar

Kristín Pétursdóttir og Sveinn
Garðar Helgason eignuðust
dótturina Karen Sveindísi þann 16.
desember síðastliðinn. Hún var 16
merkur og 50,5 cm.
Við óskum þeim til hamingju.

Frankfurt-Hahn

Upplýsingar um komu og brottfarir
flugvéla í Frankfurt-Hahn eru
veittar í síma +49 6543 509 113.

Áhugaverðar heimasíður

Luxembourg

www.adclux.info
www.e-ticket.lu
www.luxembourgticket.lu
www.poppconcerts.de
www.rbenedikta.com
www.show.lu
www.topsquash.lu
www.thorunn.lu

Belgia

www.sportpaleis.be
www.botanique.be
www.forestnational.be
www.ancienne-belgique.be

Víðar

www.dohop.com
www.easybycoach.com

Munið eftir að kíkja á
www.islandus.net